

Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Símafundur stýrihóps 12.10.2015

Mætt: Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Geir Sigurpáll Hlökkversson (Alcoa Fjarðaál), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglandsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

Marinó Stefánsson (Fjarðabyggð) boðaði forföll

Dagskrá

- Hugmynd um að kalla saman samráðshóp 2016
- Önnur mál

Umræður

Á vinnufundi stýrihóps 9. September 2015 hafði starfsmönnum verkefnisins verið falið að skoða mögulega útfærslu á því að kalla saman samráðshóp verkefnisins í tenglum við ársfund 2016.

SV sagði frá þremur mögulegum leiðum til að fá sýn samráðshóps á stöðu og framtíð verkefnisins.

1. Rætt hafði verið við ráðgjafa af svæðinu um að stýra fundi og hafði ekki borist svar.
2. Tillaga var komin frá ráðgjafa utan svæðis sem er tilbúinn að taka verkefnið að sér og hafði sent tillögur um útfærslu sem voru lagðar fyrir fundinn.
3. Frekar en að kalla hópinn saman allan í einu mætti taka viðtöl við smærri hópa úr samráðshópnum og greina. Niðurstöður yrðu svo kynntar á ársfundi verkefnisins.

Upp komu spurningar um tilgang og tilveru samráðshópsins í dag.

- Var hans hlutverk einungis að ýta verkefninu úr vör og ársfundur nú tekinn við ?
- Er samráðshópurinn enn þá til og ef svo er, hverjir eru meðlimir; eru það einstaklingarnir eða stofnanirnar sem tilnefndu fulltrúa í hópinn á sínum tíma ?
- Samráðshópur er tilgreindur í skipuriti og ef hann er ekki til þarf að skrifa hann út úr skipuritinu.

Niðurstaðan var að halda hefðbundinn ársfund þar sem meginþema væri staða og framtíð verkefnisins. Haft verði samband við fulltrúa úr samráðshópnum og þeim boðið sérstaklega á fundinn. Nefnt að gaman væri að fá fulltrúa úr upphaflega samráðshópnum með erindi um það hvernig verkefnið hefur þroskast.

Fundi slitið kl. 15:30